



Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 20. október 2014
Tilv.: ANR14090293/0.4.3

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að efla lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki í tækni- og hugverkaiðnaði

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer samkvæmt forsetaúrskurði með mál er varða atvinnuþróun, nýsköpun og opinberar fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum. Ráðuneytið gegnir því veigamiklu hlutverki til eflingar tækni- og hugverkaiðnaðar. Athugasemdir ráðuneytisins tengjast fyrst og fremst þeim tillögum sem falla undir málaflokka þess. Auk verkefna ráðuneytisins má benda á starf Vísinda- og tækniráðs sem nýverið hefur samþykkt stefnu og aðgerðaáætlun sem tekur að hluta til á þeim málum sem til umfjöllunar eru. Sérstaklega skal bent á starf verkefnishóps undir forystu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem ætlað er að kanna leiðir til að bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni.

Tillaga 1. Aukin fjárfesting í tækni- og hugverkafyrirtækjum.

a. Fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi og flytji frumvarp til laga þar sem kveðið verði á um auknar heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum.

Fjöldi nýlegra greininga og skýrsla benda á að aðgengi íslenskra tækni- og hugverkafyrirtækja að fjármagni er ein helsta hindrun í vegi vaxtar þeirra. Ráðuneytið styður að kannaðar verði leiðir til að bæta fjármögnunarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja almennt, þ.m.t. tækni- og hugverkafyrirtækja. Ýmsar leiðir eru færar til bæta aðgengi tækni- og hugverkafyrirtækja að fjármagni og er aukin þátttaka lífeyrissjóða í slíkum fjárfestingum ein þeirra. Eins ber að geta að starfandi er verkefnahópur undir forystu ráðuneytisins sem ætlað er að fjalla um aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að fjármagni, sjá svör við tillögu 1c.

b. Gert verði ráð fyrir fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 2015 til að beita sértækum ívilnunum vegna nýfjárfestinga sem miða m.a. að því að auka fjárfestingar í rannsóknar- og þróunarverkefnum og þjálfun starfsfólks. Íslandsstofu verði falið að markaðssetja og kynna slíkar ívilnanir, hér á landi og erlendis, í samráði við Samtök iðnaðarins.

Lög nr. 99/2010 voru tímabundin löggjöf og féllu lögin úr gildi sl. áramót. Lögin höfðu verið til rannsóknar hjá ESA frá því sl. vor og því hafði verið ómögulegt að nýta þau sem tæka lagastoð við gerð fjárfestingarsamninga gagnvart ESA. Því var ákveðið í samráði við ESA að endurnýja ekki lögin í óbreyttri mynd. Nú hefur verið lagt fram frumvarp um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi sem byggir á umræddum lögum nr. 99/2010, en í því frumvarpi hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda ESA sem fram komu við skoðun á lögun nr. 99/2010.

Ráðuneytið hefur jafnframt varið fjármunum í sérstakt átak á vegum Íslandsstofu er lýtur að

markaðssetningu og kynningu Íslands sem fjárfestingarkosts.

c. Byggð verði upp upplýsingaveita í samstarfi við hagsmunaaðila um tækni- og hugverkafyrirtæki sem leita eftir fjárfestum.

Samkvæmt meðfylgjandi greinargerð má skilja tillöguna á þann hátt að umræddri upplýsingaveitu verði ætlað að nýtast sem vettvangur fyrir tækni- og hugverkafyrirtæki til að koma sér á framfæri gagnvart fjárfestum annars vegar og miðla upplýsingum um skattalega hvata til fjárfestinga einstaklinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum hinsvegar.

Fram hefur komið að aðgengi tækni- og hugverkafyrirtækja að fjármagni er viðfangsefni sem ríka áherslu ber að leggja á. Í aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs, byggð á stefnu ráðsins 2013-16, er áhersla lögð á aukna fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum. Í áætluninni er að finna tillögu (nr. 1.8) undir heitinu „Skapað verði umhverfi fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum“. Í nánari lýsingu á aðgerðinni kemur fram að settur verði á laggirnar verkefnishópur sem í sitji fulltrúar frá vísindanefnd, tækninefnd, samtökum sprotafyrirtækja, fjármála- og efnahagsráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en sá síðastnefndi leiðir starf hópsins. Hópnunum er ætlað að skila tillögum sem stuðlað geta að bættu aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að framtaksfjármagni og skapað vettvang fyrir virk viðskipti með hlutabréf í nýsköpunarfyrirtækjum. Þá kemur einnig fram að tekin verði til skoðunar sá möguleiki að skrá nýsköpunarfyrirtæki á lista sem þó verði háður einfaldari skilyrðum en skráning í kauphöll. Umrædd verkefnistillaga virðist vera samhljóma þeirri tillögu sem er að finna í þingsályktunartillögunni sem hér er til umsagnar. Verkefnishópur hefur þegar hafið störf og er áætlað að hann skili tillögum sínum til nefnda Vísinda- og tækniráðs fyrir 1. febrúar 2015. Verkefnishópurinn hefur áform um viðtækt samráð í vinnu sinni, m.a. við þá hagsmunaaðila sem tilgreindir eru í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Hvað varðar miðlun upplýsinga um skattalega hvata leggur ráðuneytið áherslu á að einfalda stöðkerfi atvinnulífs og tengda þjónustu með það að markmiði að hún verði aðgengileg og sniðin að þörfum markhópa og notenda hverju sinni. Það gildir um öll þau úrræði sem standa frumkvöðlum og fyrirtækjum til boða af hálfu ríkisins. Geta má þess að markvissari upplýsingagjöf, t.d. um skattalega hvata, er hluti af aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs sem unnið er að. Komi til þess að skattalegir hvatar til aukinnar fjárfestingar einstaklinga í litlum og meðalstórum fyrirtækjum verði að veruleika er ljóst að huga þarf að kynningu á slíkum úrræðum.

d. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra móti fjárfestingarstefnu fyrir grænan fjárfestingarsjóð í samráði við Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Lögð verði áhersla á fjárfestingar í tækni- og hugverkafyrirtækjum á sviði umhverfistækni eða visthæfra lausna.

Skortur á framtaksfjármagni er vandamál sem reynist íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum erfitt nú um stundir og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur afar takmarkað svigrúm til fjárfestinga. Ráðuneytið telur ekki heppilegt að stofnsetja grænan fjárfestingarsjóð í ljósi þess að meta eigi fjárfestingakosti út frá verðleikum og vaxtarmöguleikum þó vissulega megi taka tillit til umhverfisáhrifa verkefna. Benda má á að meirihluti þeirra fyrirtækja sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur fjárfest í undanfarið er á sviði umhverfis- og heilbrigðistækni auk fyrirtækja sem starfa á sviði upplýsingatækni við ýmiskonar hugbúnaðarþróun. Starfsemi slíkra fyrirtækja hefur allajafna ekki neikvæð umhverfisáhrif. Sé tekið mið af þróun á alþjóðavísu má ætla að vægi verkefna á þessum sviðum haldi áfram að aukast. Í ljósi takmarkaðs aðgengis að framtaksfjármagni telur ráðuneytið ekki réttlætjanlegt að skilyrða fjárfestingar sérstaklega við umhverfistækni og visthæfra lausna.

Fyrir hönd iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Valgerður Rún Benediktsdóttir

Elvar Knútur Valsson

Elvar Knútur Valsson